



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 1. ágúst 2017

Breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 13. júlí sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Breytingar þessar eru til samræmis við samþykktir ársþings KSÍ 2016 og snúa að reglum um hvenær megi hefja viðræður við leikmenn. Samþykkti þingið að skipaður yrði starfshópur til að fjalla um breytingarnar og voru niðurstöður hópsins kynntar á ársþingi KSÍ 2017. Breytt reglugerðarákvæði hafa nú verið samþykkt og munu þau taka gildi þann **16. október 2017**.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga (viðræður við leikmenn)

8. gr. *Samningsstaða*

- 8.1. Leikmaður, sem hefur gert samning við félag, getur ekki skipt um félag á samningstímanum, nema með leyfi félagsins. Leikmanni er heimilt að eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við annað félag eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma leikmannsins við sitt núverandi félag. Leikmaður sem hyggst hefja samningaviðræður við annað félag eftir að sex mánuðir eru til loka samningstímans, skal þá þegar tilkynna um það skriflega og með sannanlegum hætti til stjórnar núverandi félags síns áður en samningaviðræður hefjast.

14. gr. *Samningsgerð*

- 14.13 Félag og leikmaður, sem gera leikmannssamning eða sambandsamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, millilið sem starfar á hans vegum eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Jafnframt skuldbindur leikmaður sig til þess að hafa ekki samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, á meðan samningur hans er í gildi nema með leyfi félags síns. Þó er félagi heimilt að eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við leikmann í öðru félagi eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma leikmannsins við sitt núverandi félag. Félag sem hyggst hefja samningaviðræður við leikmann, eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma hans við sitt núverandi félag, skal þá þegar tilkynna stjórn þess félags, um það skriflega og með sannanlegum hætti áður en samningaviðræður hefjast við leikmanninn.

STAÐALSAMNINGUR KSÍ

1. Skyldur leikmanns

- i. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga eða hafa samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, við önnur íslensk eða erlend félög eða milliliði á þeirra vegum. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma, en það skal tilkynnt stjórn félagsins skriflega og með sannanlegum hætti áður en þær viðræður hefjast. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við stjórn félagsins.

Samantekt

Breytingar þær sem hér eru kynntar leiða til þess að innleitt er skylduákvæði 18. gr. reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna. Ákvæðið er svohljóðandi:


A club intending to conclude a contract with a professional must inform the player's current club in writing before entering into negotiations with him. A professional shall only be free to conclude a contract with another club if his contract with his present club has expired or is due to expire within six months. Any breach of this provision shall be subject to appropriate sanctions.

Ákvæðið fjallar um hvenær félagi er heimilt að eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við leikmann í öðru félagi og öfugt. Núgildandi ákvæði 8.1. og 14.13. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kveða svo á um að slíkar samningaviðræður séu fyrst heimilær eftir 15. október á því ári sem samningstíma leikmanns við félag er að ljúka.

Eftir breytingar, sem taka gildi þann 16. október 2017, verður félagi heimilt að eiga í samningaviðræðum og skrifa undir samning við leikmann í öðru félagi eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma leikmannsins við sitt núverandi félag. Þó skal hafa það í huga að félag sem hyggst hefja samningaviðræður við leikmann, eftir að sex mánuðir eru til loka samningstíma hans við sitt núverandi félag, skal þá þegar tilkynna stjórn þess félags, um það skriflega og með sannanlegum hætti áður en samningaviðræður hefjast við leikmanninn. Sama á við þegar leikmaður hyggst hefja samningaviðræður við annað félag, en þá ber leikmanni að tilkynna stjórn núverandi félags áður en þær viðræður hefjast.

Um leið voru samþykktar breytingar á staflíð i. í 1. gr. staðalsamnings KSÍ til samræmis við breytingar á ákvæðum 8.1. og 14.13. Munu þær breytingar taka gildi á sama tíma eða þann 16. október 2017.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.